

Bláskógabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík 18. maí 2018
UST201805-201/B.S.
10.05.01


Efni: Þingvallavegur - framkvæmdaleyfi – efnistaka. Umsögn


Vísað er til bréfs Bláskógabyggðar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á Þingvallavegi og efnistöku úr námu í Svartagili. Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsögn um umræddar framkvæmdir vegna könnur á matskyldu. Skipulagsstofnun taldi ekki líklegt að umrædd framkvæmd og efnistaka gætu haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun vill ítreka það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar dags. 29. nóvember 2017, þ.e. að jákvætt sé að taka efni úr námunni í Svartagili í stað þess að fara í frágengnar námur og að það verklag sem verður viðhaft við breikkun Þingvallavegar, þ.e. breikkun vegarins ýmist til vinstri eða hægri lofi góðu.

Umhverfisstofnun bendir á að nýta ætti þessa framkvæmd til að bæta umgengni og verklag í námunni í Svartagili. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri